

***BORGARRÁÐ 24. janúar 2019: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um samskipti borgarstjóra við skrifstofustjóra eigna og atvinnuþróunar vegna Nauthólsvegar 100 - R17080091***

1. Óskað er svara við því hver voru samskipti borgarstjóra við Hrólfr Jónsson skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar vegna braggamálsins. 2. Hver voru samskipti borgarritara við Hrólfr Jónsson, skrifstofustjóra skrifstofu eigna og atvinnuþróunar vegna braggamálsins? 3. Í skýrslu Innri-endurskoðunar segir eftirfarandi á bls. 56: „Eins og fram kom í kaflanum um skipulag skrifstofu eigna og atvinnuþróunar er umboðskeðjan þannig að skrifstofu eigna og atvinnuþróunar heyrir undir borgarritara og síðan er borgarstjóri hans yfirmaður. Þrátt fyrir þetta hefur borgarritari haft lítil afskipti af skrifstofu eigna og atvinnuþróunar sem hefur í raun sótt sín mál framhjá honum og til borgarstjóra“. Í ljósi þess er spurt hvort Hrólfr Jónsson, skrifstofustjóri skrifstofu eigna og atvinnuþróunar hafi aldrei rætt við borgarstjóra um framkvæmdir við Nauthólsveg 100 á þeim fjölmörgu fundum sem ljóst er að hann hafi átt með borgarstjóra eftir að borgarstjóri undirritaði leigusamninginn við HR/Grunnstoð í september 2015?